

20. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Síðuskóla 8. nóvember 2006

Mættir: Arne, Elías, Guðbjörg, Guðný, Gunnar, Hulda Sif og Svala.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Rauði róló
3. Skiltamál
4. Gámamál
5. Kjalarsíða 1 – stúdentagarðar
6. Fréttabréf
7. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundur settur í Síðuskóla og fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

2. Róluvöllurinn við Bugðusíðu

Nefndarmenn byrjuðu á því að mæta á róluvöllinn við Bugðusíðu og hittu þar fyrir Herdísí Arnórsdóttur sem er formaður Félags dagmæðra á Akureyri. Herdís upplýsti nefndarmenn um að ekki hafi verið unnin skemmdarverk á vellinum síðan um miðjan september. Einnig hafa ekki verið merki um fíkniefnaneyslu á svæðinu. Þetta megi e.t.v. rekja til mikillar umfjöllunar um málið í fjölmiðlum í haust. Fram að því hafi umgengni verið afar slæm og eiturlyf fundist nálægt leiktækjum.

Ljóst er að lýsing á vellinum myndi minnka óæskilega umgengni að næturlagi auk þess sem það myndi lengja þann tíma sem hægt væri að nota völlinn í skammdeginu. Í ljósi þessa var formanni falið að rita bréf til Akureyrarbæjar þar sem óskað er eftir lýsingu á vellinum.

3. Skiltamál

Komið hefur í ljós að ekki eru til skrifleg fyrirmæli um það hjá bænum að skilti sem staðsett eru í hverfinu og hvetja ökumenn til aðgæslu í akstri verði víxlað á tveggja mánaða fresti. Þetta hefur leitt til þess að ekki hefur verið hreyft við umræddum skiltum síðan þau voru sett upp. Formaður nefndarinnar hefur fengið samþykki fyrir því að gerður verði skriflegur samningur um málið og vonast er því til að skiltunum verði víxlað fljótlega. Einnig kemur fram ábending frá einum nefndarmanni um að ekki sjáist vel á skilti í Vestursíðunni vegna trjágróðurs sem skyggi á.

4. Gámamál

Óvissa um næstu skref í sorpmálum bæjarins valda því að lítið er hægt að vinna í þessu máli núna. Fylgst verður vel með málinu.

5. Kjalarsíða 1 – stúdentagarðar

Nefndin ákveður að setja pistil í fréttabréf sem gefið verður út á næstunni til þess að kalla eftir viðbrögðum íbúa hverfisins. Málið verður skoðað aftur þegar og ef athugasemdir berast. Skrifað verður bréf til heilbrigðisfulltrúa bæjarins með fyrirspurn um þá rykmengun sem kemur til með að fylgja aukinni umferð vegna byggingar á umræddum reit.

6. Fréttabréf

Fengist hefur leyfi frá Akureyrarbæ þess efnis að eitt fréttabréf á ári megi gefa út í lit á kostnað bæjarins. Formaður nefndarinnar lagði fyrir fundinn þrjár útgáfur af hvernig umrætt fréttabréf gæti litið út. Nefndin mun velja eina gerð. Áætlað er að senda bréfið út í næstu viku til þess að hægt verði að kalla eftir viðbrögðum fólks vegna fyrirhugaða byggingu við Kjalarsíðu.

7. Önnur mál

- Búið er að fá netfangið siduhverfi@akureyri.is sem er sameiginlegt netfang fyrir nefndina og íbúa hverfisins sem vilja koma ábendingum á framfæri.
- Hlutverk nýstofnaðs hverfisráðs í Hrísey samanber hverfisnefndir bæjarins. Nefndin hefur ákveðið að senda fyrirspurn til bæjarins varðandi munin á þessu tvennu m.t.t. þess að starfsmenn hverfisráðs eru launaður, auk þess sem nefndin hefur á að skipa starfsmanni sem sér m.a. um skráningu fundargerða.
- Fundargerðir hverfisnefnda fara ekki fyrir bæjarráð og ætlar hverfisnefnd Síðuhverfis að kanna á hvaða vettvangi þær séu ræddar.
- Nefndarmenn ætla að kynna sér hvað sé efst á baugi hjá foreldrafélögum í Síðuskóla og leikskólum í hverfinu. Nefndarmenn hafa tekið sig saman tveir og tveir og hafa hug á að hitta aðila úr stjórn hvers foreldrafélags.

Næsti fundur hverfisnefndar er áætlaður mánudaginn 18. desember.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið.

Hulda Sif Hermannsdóttir